

## Stjórnarfundur SÍK 20. október 2015 kl. 18

á skrifstofunni Háaleitisbraut 58-60

### 1. Aðalfundur bókaútgáfunnar Salts ehf.

Mættir: Stjórnarmenn SÍK, Bjarni Árnason.

- a. Skýrsla um liðið ár. Bjarni kom út þrisvar. Kannað hefur verið með útgáfu á t.d. barnabiblíum, en lítill áhugi hjá JPV um samvinnu um slíkt. Vegna fjárhagsvanda var haldið að sér höndum.
- b. Reikningar. Niðustaða rekstrarreiknings var tap upp á um 2,1 mkr. og með fjármunagjöldum um 2,2.
- c. Viðskiptaskuldir eru aðallega skuld við SÍK.
- d. Umræður og spurningar: Áskrifendum Bjarma fer fækkandi (meðalaldur hár), um 500. Erfitt að fá yngri áskrifendur. Ekki er hægt að kaupa bækur gegnum netið. Kostnaður er að hluta til laun á mótum SÍK. Líklega hefur of hátt hlutfall verið gjaldfært á Salt ehf á mótum SÍK og ber að fara yfir það og leiðrétt og endurskoða fjárhagsáætlun. Líta ber á þetta sem kristniboð og þar með að borga þurfi eitthvað með þeim.
- e. Reikningarnir voru bornir upp til samþykktar og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.
- f. Engar arðgreiðslur.
- g. Stjórnin var endurkjörin að frátaldri Agnesi Ragnarsson og í hennar stað komu úr stjórn SÍK: Sveinbjörg og Ingveldur.
- h. Útgáfuráð er stjórn félagsins.
- i. Endurskoðun: Gunnar M. Erlingsson.
- j. Önnur mál: Við viljum halda áfram að gefa út Bjarma. Reyna þarf að gera átak í að fjölga áskrifendum. Hugsanlega má bjóða í PDF, rafrænni áskrift. Reynt hefur verið að kynna blaðið í Fíladelfíu og Kotmóti. Blaðið er meira samkirkjulegt núna. Er hægt að skoða aðrar leiðir til að koma málefni okkar á framfæri, t.d. með heimasíðu og fésbókarsíðu til að ná umræðunni fyrr um dægurmál? Hefðbundin útgáfa er þyngri í vöfum. Heimasíða krefst líka vinnu. Hvaða hópi viljum við ná? Hverjir gætu verið í ritstjórn og sett inn efnið?
- k. Skuld Salts við SÍK: SÍK beðið að afskrifa að fullu á þessu ári. Ekki ber að velta kostnaði Salts yfir á SÍK nema því sem SÍK hefur samþykkt að leggja til útgáfustarfsins.

Fundi slitið

## Stjórnarfundur SÍK hófst kl 18:55

Mættir: Ólafur, Hermann, Sveinbjörg, Páll, Guðlaugur, Ingveldur, Ragnar.

Fjarverandi: Kristján, Birna Gerður og Haraldur

Sveinbjörg las úr Jóh. 15 um vínviðinn og greinarnar. 1nn og 14.nn.Sambænastund.

### 1. Frá síðasta fundi:

- Samþykkt að setja útdrátt eða yfirfarnar fundargerðir stjórnar á heimasíðu SÍK.
- Samþykkt að afskrifa að fullu skuld Salts ehf við SÍK á þessu ári.

### 2. Fjárhagsstaða SÍK:

Stefnir í rúmlega 2,6 mkr halla í árslok ef heldur fram sem horfir. Basarinn: Stefnir í svipaða afkomu og í fyrra. Búast má við meiri tekjum eftir dánarbúið sem kom inn. Enn hefur ekki allt verið greitt til kristniboðslandanna sem við skuldum. Laun eru hærri en í fyrra.

### 3. Fréttir og eftirfylgni við fyrri ákvarðanir.

- Finnsku sjálfboðaliðarnir enn ekki komin með húsnæði. Eftir er að funda með Sveini Alfreðssyni um samstarf við KSS, t.d. um söngleik.
- Bænakeðja kristniboðsins. Við í stjórninni getum myndað hluta af bænakeðju fyrir starfinu. Við biðjum þá fyrir amk einu heimastarfsatriði og einu starfi erlendis á hverjum degi. Ingveldur kynnr þetta á samkomu 4. nóv og í kristniboðsflokkum og félögum í framhaldinu. Væri líka hægt að hafa bænaviku á undan kristniboðsviku. Bænavöku í sólarhring og svo í heila viku síðar.
- Ævisaga Ólafs Ólafssonar. Álit Sigurðar Pálssonar um bókina: Ýmislegt gott, en annað vantar, ögn stagkennt, fram og til baka, ekki nógu gott flæði. Hefði þurft að endurskrifa bókina, eða nýja bók sem henti Íslendingum. Mun ekki seljast vel hérlendis. Vantar töluvert upp á hvað hann gerði hérlendis. Gideon og Biblíufélagið byggja mikið á því sem hann gerði. Gera mætti meira úr myndum og síðasta kaflanum. Leitað verði til annarra til að rita þetta. Uppástunga: Haraldur og Margrét. Ólafur ræðir við þau.
- Faghandleiðsla: Sr. Jón Dalbú er tilbúinn að taka þetta að sér og mjög fús að sinna þessu fyrir SÍK. Stjórnin er mjög þakklát fyrir það.
- Samkomunefnd er tekin til starfa og hefur hist tvisvar. Ragnar Gunnarsson, Páll Friðriksson, Margrét Jóhannesar, Hulda B Jónasar, Bjarni Gunnarsson og Leifur Þorsteinsson.
- Krung og Biblíuskólinn: Stefnt að ferð til Kenýu á næsta ári ef næg þátttaka fæst. Aldur er 18-30 ára. Biblíuskólinn er í gangi með um 11 manns, flestir eldri borgarar. Erfitt að ná til unga fólksins. Hugmynd að fara á UL og beint þaðan til Kenýu. Þörf á meiri beinni þátttöku með vitnisburði og einhverju praktísku í samvinnu við heimamenn. Alfa má vera skilyrði fyrir þátttöku. Kennsla í að gera sinn eigin vitnisburð.
- Styrkur til biblíuskólans í Arba Minch, bíðum eftir að SÁÞ hefur farið í heimsókn og sjáum til.
- Stækkun (61 fm) og breyting á Basarnum. Fjárhagsáætlun fyrir nýjan gluggaveggi norður og austur: Teikninvinna, eignaskiptasamningur, upb 1 mkr m.vsk. unnið af arkitektum hússins. Gluggar og hurð 1,744 mkr. (Áltré). Öryggisgler: 2,5 mkr. (24 rúður) Gatnagerðagjöld: 1,144 mkr, samtals 6.388 mkr. Að auki vantar klæðningu undir skyggin

og vinnu við uppsetningu. Áætlað heildarkostnaður: 7,5 mkr. Innandyra: Fjarlægja gamla vegginn í sjálfboðavinnu, lítill efniskostnaður, plötur í loftið og gólfefni (flot og dúkur eða flísar) Ofnar eru í lagi, þarf að flytja og er einfalt. Pípara þörf. Heildarkostnaður allt að 10 mkr. Gera ber fyrirspurn til Byggingafultrúa um hvort leyfi til framkvæmda yrði veitt eða byggingaleyfi endurnýjað. Breyting á Basarnum vegna fjarlægingar lyftu: Samþykkt að ganga frá lyftusvæðinu sem kaffistofu og biðja með aðra framkvæmd þar til Kalli kemur þ.a. verslunarstjóri geti haft aðstöðu fyrir samtöl og tölvuvinnu fyrir utan kaffistofu. Fylgja þarf eftir að gengið verði frá lyftiopinu tryggilega og eftir úttektarreglum, brunaheldu og hljóðeinangruðu.

- i. Ólafur og Ragnar fara yfir möguleika HVS og KPS að fara í ferð til Eþíópíu og gera upp sín mál þar. Best ef hægt er að ganga frá þessu fyrir næsta vor.
- j. Laganefndin (Ragnar, Haraldur og Gunnar Þór) hefur hafið störf. Rætt er um að breyta þurfi greinum um skilgreiningu og skyldu kristniboðsfélaga og um fjölda stjórnarmanna auk orðalags á stöku stað sé fært í nútímalegra form. Laganefndin tekur við ábendingum og hugmyndum frá kristniboðsvinum um atriði sem ætti að skoða.
- k. Ferð SÁP og fjölskyldu til Eþíópíu og Keníu verður 25. janúar í tæpan mánuð, hálfan á hvorum stað.
- l. Kristniboðsvika. Undirbúningur að hefjast. Norea vilja koma og segja frá starfi sínu. NLM ung gæti líka komið til að halda tengslum við unga fólkið sem fór á UL. Gætu líka komið á skólamót. Möguleiki á Nikolas Loyara frá Pókot, en hann hefur umsjá með útbreiðslustarfinu í Kenýu. Fyrsti valkostur ef möguleiki fyrir hann. Hann gæti sagt frá þörfinni fyrir kristniboða, hvernig er að vera heiðingi og heyra aldrei, og árangur í starfinu.

#### 4. Bréf, skýrslur og fyrirspurnir

- a. Greidd hafa verið 306 þúsund birr til Eþíópíu (ca 2 mkr) og fer það í m.a. predikunarstarfið í Woito, umsýslu með starfinu í Suður Ómo, námsstyrki og biblíuþýðingu á Tsemai og lestrarverkefni í Ómo Rate. Við viljum biðja um skýrslur um hvernig þessir starfspættir hafi gengið hver um sig og við viljum vita að lestrarverkefnið haldi áfram. Ragnar fylgir því eftir.
- b. Ríkið hefur byggt heimavist í Ómo Rate og aðsóknin hjá okkar heimavist hefur dregist saman.
- c. Á aðalfundi SWS kom fram vilji til að skoða málið með skiptingu sýnóduunnar (að Konso og Gidole verði sjálfstæð).
- d. Samþykkt að draga til baka allar kröfur vegna verðbréfa á hendur LBI ehf. Ragnar framkvæmdastjóri fyllir út formið og sendir.
- e. Kristniboðsdagurinn 8. nóvember: Hátíðarsamkoma með Salti ks kl 14-15. Hátíðarkaffisala á vegum kristniboðsfélags karla. Ólafur talar á samkomunni. Útvarpsguðsþjónusta á kristniboðsdags verður frá Fella- og Hólakirkju. Ragnar prédikar.

#### 5. Næsti fundur: Þriðjudagurinn 17. nóvember kl 18.